



## HÆTTA AF MENGUN Í SJÓ

Á nýjum kennsluvef munu nemendur og kennarar geta nálgast fræðslufni um hættur af mengun sjávar. ➔ 6

## LÉLEG AFSÖKUN FYRIR AGALEYSI

Þorsteinn Víglundsson segir að allt tal um sveigjanleika og viðbragðshraða íslensks efnahagslífs sé léleg afsökun fyrir agaleysi og skammsýni. ➔ 4

# VIÐSKIPTA Mogginn

FIMMTUDAGUR 7. APRÍL 2016



Þynnsta fartölva HP til þessa er liðlega 10 millimetrar. ➔ 4

Unnið í samvinnu við  
FINANCIAL TIMES




### Lögfræðifirma leyndarinnar

Mossack Fonseca í Panama hefur verið lýst sem fyrirtæki með sumu „andstyggilegustu óþverra heims sem viðskiptavinum“. ➔ 10


### Matarreikningurinn mun hækka

Breskir neytendur munu væntanlega standa frammi fyrir herra verði á matvælum ef þeir kjósa að yfirgefa ESB. ➔ 11

### Úrvalsvísitalan



### EUR/ISK



## Nýja stjórnin ekki upplýst

Stefán E. Stefánsson  
ses@mbl.is

Stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna var ekki hafður með í ráðum þegar kallað var eftir margfeldiskosningu hjá HB Granda. Þetta segir stjórnarformaður fyrirtækisins.

Allir núverandi stjórnarmenn í HB Granda drógu framboð sín til baka á aðalfundi fyrirtækisins af þeirri ástæðu að í ljós hafði komið að krafa Lífeyrissjóðs verslunarmanna um margfeldiskosningu á fundinum hafði ekki verið borin undir þá stjórn sjóðsins sem þá var tekin við á vettvangi hans.

Í símtali sem nýr stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna, Guðrún Hafsteinsdóttir, átti við Kristján Loftsson, stjórnarformann HB Granda, þann 23. mars, kom fram að hún var ekki upplýst um að stjórn HB Granda hefði borist



Morgunblaðið/Júlíus

Ný stjórn tók við í Lífeyrissjóði verslunarmanna um miðjan síðasta mánuð.

beiðni frá Lífeyrissjóði verslunarmanna um að margfeldiskosning yrði viðhöfð við stjórnarkjöri í félaginu sem fram átti að fara þann 1. apríl síðastliðinn.

Kristján Loftsson segir í viðtali við ViðskiptaMoggann í dag að sú vitneskja að stjórnarformaðurinn hafi hvorki komið að ákvörðun um að kalla eftir margfeldiskosningu né ákvörðun um að tefla Önnu G. Sverrisdóttur, sem sæti hefur átt í aðalstjórn lífeyrissjóðsins og situr nú í varastjórn hans, fram í stjórnarkjöri, hafi orðið þess valdandi að

stjórnin dró framboð sitt til baka. „Við viljum einfaldlega gefa núverandi stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna tækifæri til að taka þetta til athugunar og að hún meti þetta á eigin forsendum og láti ekki einhverja skuggastjórn ákveða þetta, stjórn sem var ýtt út, meðal annars vegna þess að hún hafði staðið í svona stappi áður. Nú kann það vel að vera að hún komist að sömu niðurstöðu og fyrri stjórn, þá stendur þetta bara. Það á eftir að koma í ljós,“ segir Kristján.

Ný stjórn tók við hjá Lífeyr-

issjóði verslunarmanna á ársfundi sjóðsins 15. mars síðastliðinn. Sjóðgum síðar barst HB Granda tilkynning um að lífeyrissjóðurinn færi fram á margfeldiskosningu. Sú beiðni var undirrituð af framkvæmdastjóra sjóðsins, Guðmundi P. Þórhallssyni.

Kristján Loftsson segir að lífeyrissjóðirnir eigi ekki að skipta sér af því hvernig stjórn HB Granda sé mönnuð og að það skýrist af þeirri ástæðu að fyrir sé í fyrirtækinu kjölfestufjórðing með ríflega 40% hlutfjár. „Þeir eiga ekki að skipta sér af stjórn þessara fyrirtækja í Kauphöllinni. Það er reyndar ekki hægt að tala um þessa sjóði í fleirtölu. Ef þú talar við þessa aðila sem stýra sjóðunum þá heyrir þú þá í annarri setningunni tala um „lífeyrissjóðinn“ og í hinni „lífeyrissjóðina“. Ef þeir eru að tala um „lífeyrissjóðina“ þá er þetta orðin grúppa og þá eiga þeir að tilkynna sig inn til Kauphallarinnar sem einn hóp, ef ég skil reglurnar rétt. Það gera þeir hins vegar ekki.“ ➔ 8

## Meirihluti stjórnarmanna nýr hjá VÍS

Ný stjórn var kjörin á framhaldsaðalfundi VÍS í gær. Þrír nýir stjórnarmenn koma inn í stjórnina.

Á framhaldsaðalfundi í VÍS í gær var ný stjórn kjörin yfir félagið fram að aðalfundi á næsta ári. Níu voru í framboði. Flest atkvæði fékk Bene-

dikt Gíslason sem kemur nýr inn í stjórnina. Næstflest atkvæði fékk Jostein Sörvoll sem kom inn í stjórnina á aðalfundi síðasta árs. Þá hlaut Helga Hlín Hákonardóttir góða kosningu en hún var meðal annars studd af lífeyrissjóðnum Gildi. Fjórdi í kjörinu varð Herdís Dröfn Fjeldsted en hún hefur notið stuðnings Lífeyrissjóðs verslunarmanna

sem er stærsti eigandi félagsins. Þá náði Reynir Finndal Grétarsson, forstjóri Creditinfo Group, einnig kjöri. Því hafa einkafjárfestar komið þremur fulltrúum í stjórnina.

Að afloknum fundinum hélt hin nýkjörna stjórn fund og skipti með sér verkum. Þar varð úr að Herdís Fjeldsted verður áfram stjórnarformaður og Jostein Sörvoll varaformaður.

Í samtölum sem Morgunblaðið átti við eigendur í félaginu að afloknum fundi var mikil áhersla lögð á að koma á sátt á vettvangi félagsins. Telja einkafjárfestar að hægt verði að koma á nauðsynlegum breytingum á rekstri félagsins í ljósi þess hvernig stjórnarkjörið lyktaði á framhaldsaðalfundinum í gær. ses@mbl.is



# Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.